

## **Greinargerð borgarfulltrúa Flokks fólksins með umræðu um snjallsímanotkun í grunnskólum og hugsanlegt bann**

Umræðan um snjallsímanotkun í grunnskólum og hvort eigi að banna þá í skólunum hefur verið í gangi af fullum þunga í sumar og átti skóla- og frístundasvið m.a. fund með skólastjórum borgarinnar þar sem rætt var um möguleikann á símalausum skólum. Engin niðurstaða fékkst í málið og er það miður. Meðan fullorðna fólkíð ræðir þessi mál fram og til baka er skólaganga hafin og fjöldi barna fer í skólann með síma sinn í handraðanum. Staðfest hefur verið með fjölda rannsókna og kannana að síminn truflar einbeitingu þeirra í náminu. Hér þarf að taka skýra afstöðu og fá niðurstöðu.

Einhverjir skólar hafa lagt blátt bann við snjallsímum jafnvel á skólalóðinni en aðrir skólar eru með mildari útfærslu. Enn aðrir skólar skipta sér lítið af því hvort nemendur eru með símana við hönd sem þeir vakta í kennslustundum. Mikilvægt er að samtal verði haft við alla hlutaðeigendur, ekki síst foreldra. Fræðsla er lykilatriði og ræða þarf við foreldra um síma- og samfélagsmiðlanotkun barna þeirra. Ákvörðun um hvort þeir skuli bannaðir í skólastofunni hlýtur engu að síður að þurfa að koma frá yfirvöldum. Flokkur fólksins vill fá markvissa umræðu um þetta mál í borgarstjórn og að sú umræða leiði til samhljóms og einhverrar niðurstöðu sem þjónar hagsmunum nemenda.

Margir eru uggandi yfir hversu háðir krakkarnir eru símanum. Krakkar geta ekki verið með óskerta athygli á námi og samskiptum í skólastofunni séu þau með símann í auglýn. Með símann í vasanum, í kjöltunni eða jafnvel undir stílabókinni á borðinu getur verið erfitt að einbeita sér að samfélagsfræði, íslensku eða stærðfræði. Þegar síminn lýsist upp eða gefur frá sér veikt píp þá verður maður að athuga hvaða skilaboð eru komin á skjáinn. Við þekkjum þetta allflest. Sími ofan í tösku sem slökkt er á truflar vissulega minna. Við þetta má bæta að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna UNESCO hefur kallað eftir því að blátt bann verði lagt við notkun snjallsíma í skólum. Eitt af hverjum fjórum ríkjum heims hefur nú þegar orðið við þessu en stofnunin segir að símanotkun barna í skólum auki á lærdómserfiðleika, einelti og almenna vanlíðan.